



Fundargerð

Fimmtudaginn 7. júní 2018 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Vignir Sveinsson, Valgarður Hilmarsson og Halldór G. Ólafsson. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri og Magnús B. Jónsson, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2017.

Fyrir fundinum lá ársreikningur aðalsjóðs Félags- og skólaþjónustu A-Hún og Sæborgar. Rekstrartekjur aðalsjóðs námu 81,7 milljónum króna og rekstrargjöld 80,2 milljónum. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 1,4 milljónir. Tekjur samstæðu námu 186,1 milljón. Heildartekjur samstæðu voru 187,2 milljónir 2016 og höfðu því lækkað um 0,6% milli ára. Rekstrargjöld samstæðu námu samtals 175,4 milljónum. Rekstrarniðurstaða samstæðu var því jákvæð um 10,6 milljónir. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 3,3 milljóna króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Heildareignir félagsþjónustunnar námu 166 milljónum króna og eigið fé var um 73,6 milljónir.

Stjórn ræddi reikninginn en samþykkti hann svo og undirritaði.

2. Starfsmannahald

- Ráðningasamningur við félagsmálastjóra

Fyrir fundinum lá ráðningasamningur við félagsmálastjóra sem framkvæmdastjóri hafði undirritað. Stjórn staðfesti ráðningarsamninginn.

- Bakvaktasími

Félagsmálastjóri og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir hvernig svokölluð sí mavakt hafi verið framkvæmd og kom fram að það hafi að mestu verið án sérstakrar greiðslu. Fyrir fundinum lágu drög að samningi við starfsmenn um að annast sí mavakt vegna barnaverndar og heimilisofbeldismála utan hefðbundins dagvinnutíma. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samningnum og fjárhagslegum áhrifum hans.

Stjórn samþykkti að heimila gerð samninga um bakvaktasíma á þeim forsendum sem lágu fyrir fundinum. Samþykkt að skoða jafnframt hvort mögulegt er að eiga samstarf við nágrennasveitarfélög um bakvaktasíma.

3. Sambýlið á Blönduósi

- Staða endurbóta

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hvernig er staðið að endurbótum á húsnaði sambýlisins að Skúlabraut 22. Unnið er að lagfæringu á baðherbergi þar sem innréttingar og bað verða endurnýjuð.



Félags- og skólafjónusta A- Hún

- Tillögur að nýbyggingu

Fyrir fundinum lágu fyrstu tillögur að nýbyggingu íbúða fyrir fatlaða einstaklinga sem nú dvelja á sambýlinu. Gert er ráð fyrir að nýbygging muni rísa á lóð efst við Skúlabraut á Blönduósi. Samþykkt að vinna áfram að undirbúningi nýbyggingar.

4. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Stjórnarmenn og starfsmenn þökkðu samstarfið á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 11.40

Jón Gíslason,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Halldór G. Ólafsson

Sara Lind Kristjánsdóttir

Magnús B. Jónsson